



Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1090
komudagur 16.2.2007

HÁSKÓLI ÍSLANDS LÍFFRÆÐISTOFNUN

Nefndasvið Alþingis
b.t. Selmu Hafliðadóttur,
ritara umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2007

Efni: *Umsögn frá Líffræðistofnun Háskólans um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál, og þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál*

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dagsett 6. febrúar 2006, til Líffræðistofnunar Háskóla Íslands.

Við þökkum bréf umhverfisnefndar alþingis til Líffræðistofnunar háskólans, mótt. 7. febrúar 2007, og boð um að gefa umsögn um þingsályktunartillögu um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, 65. mál, og um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð, 395. mál.

Við fögnum þeim vilja sem fram kemur í frumvarpinu og þingsályktunartillögunni og teljum hana sýna skilning og mikilsverða viðleitni til að vernda sérstæða og jafnvel einstæða náttúru Íslands.

Meðfylgjandi er umsögn okkar um bæði málin.

Virðingarfyllst

Sigurður S. Snorrason, prófessor
Forstöðumaður Líffræðistofnunar

Þóra Ellen Þórhallsdóttir, prófessor

1. Tillaga til þingsályktunar um friðlýsingu Jökulsár á Fjöllum, þskj. 65

Við tökum að öllu leyti undir þessa tillögu og greinargerðina sem fylgir, þar sem fram kemur lýsing og mat á náttúruverndargildi Jökulsár á Fjöllum og aukið mikilvægi hennar sem lítt snortins vatnasviðs eftir að virkjanir hafa verið reistar í mörgum öðrum stóráám landsins. Við teljum fyrirhugaða friðlýsingu verðskuldaða, mikilvæga og tímabæra, enda taki hún til alls vatnasviðs árinna, Kreppu og Kverkár þar meðtaldra.